

**Þjónustu- og skipulagssvið Akureyrar, María Markúsdóttir, óskaði þann 13. júlí eftir umsögn Óshólmanefndar um tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir Akureyrarflugvöll. Fulltrúi ISAVIA í nefndinni lýsti sig vanhæfan í málinu en aðrir nefndarmenn gerðu eftirfarandi umsögn:**

Í þessari samantekt er vísað til textans í greinargerð með tillögunni dags. 4. júlí 2023. Athugasemdirnar eru aðalega vegna Kjarna-og Hvammsflæðanna og tilvísanirnar eru um efni þeirra kafla í greinargerðinni sem um ræðir.

## Kaflí 2

Tvær síðustu málsgreinarnar:

*"Frá því að gildandi deiliskipulag var unnið 2005 hefur meginhluti þeirra ákvarðana sem þar voru teknar verið framkvæmdar, og á það einnig við um allar þær deiliskipulagsbreytingar sem síðar hafa verið gerðar.*

*Um er að ræða lengingu flugbrautar og frágang við flugbrautina alla. Flugsafn hefur verið reist, flugskýli og geymsluhúsnæði."*

**Þarna ætti þess að vera getið að eftir er að efna loforðið sem var gefið um að ekki yrði neinu raskað utan framkvæmdasæðisins þega flugbrautin var lengd til suðurs. Það loforð var forsenda þess að ekki þurfti að vinna formlegt umhverfismat þrátt fyrir umfang þeirrar framkvæmdar.**

## Kaflí 3.3

Seinni hluti kaflans:

*"Sunnan og austan við flugbrautina er hólmasvæði sem eru grónar grundir með lágvöxnum viðjugróðri.*

*Hlutar svæðisins innan deiliskipuagsmarka eru mýrar og falla um síki sem safna vatni og veita annað hvort norður með flugvallarsvæðinu að vestan eða suður og austur fyrir flugbrautina og í Eyjafjarðará. Austan við flugbrautina er vesturkvísl Eyjafjarðarár sem er vatnsmesti hluti hennar."*

**Þarna ætti einnig nefna að sunnan brautar eru Kjarna og Hvammsflæðar. Eins og er er búið að ræsa þær það mikið fram að það stórsér á þeim. Það er vegna þess að eftir er að efna loforðin sem gefin voru um frágang eftir brautarlenginguna.**

## Kaflí 3.6

Í þessum kafla er fjallað um umhverfismat og umhverfisskýrslur.

Sjá: *"Breytingar þær á mannvirkjum flugvallarins sem breyting á gildandi deiliskipulagi gerir ráð fyrir eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á umhverfið."*

Og síðar segir einnig:

*"Lenging samkvæmt gildandi deiliskipulagi hefur þegar verið framkvæmd og um þá framkvæmd var gerð skýrsla um umhverfismat framkvæmda."*

**Ef hér er verið að nefna lengingu flugbrautarinnar til suðurs er hér með bent á að í gögnum sem óshólmanefndin hefur lagt fram í umsögnum til umhverfis og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar eru skjöl frá hinu opinbera sem samin voru vegna flugvallarlengingarinnar til suðurs.**

**Þau skjöl voru svör við frammkvæmdatillögunum þar sem m.a. voru lögð fram skrif um áætluð áhrif á umhverfi og náttúru. Þar er loforðið um óbreytta vatnstöðu á flæðunum sunnan flugbrautarinnar.**

#### Kaflí 4.7

##### Um Brunná.

*"Brunná er lögð í skurði þar sem hún kemur undan Eyjafjarðarbraut suður fyrir flugvallarsvæði og út í Eyjafjarðará. Skurðurinn skal vera a.m.k. 3 m að breidd í botninn og flái frá botni skal vera að lágmarki 1:7 og hæð frá botni upp á bakka minnst 2 m. Tilkynnt var um framkvæmd við nýjan farveg Brunnár í skýrslu Flugstöða frá nóvember 2007."*

**Ef frágangur Brunnárskurðarins verður svona án annarra aðgerða þýðir það að ekki verði unnt að standa við loforðið sem var gefið fyrir brautarlenginguna um vatnstöðu svæðisins. Óshólmanefndin bendir á að þetta stangist hugsanlega á við lög um náttúruvernd og lög um stjórn vatnamála.**

Óshólmanefnd:

Emilía Baldursdóttir

Hólmgeir Karlsson

Jóhann Reynir Eysteinnsson

Ólafur Kjartansson